

Nd.

161. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá forsætisráðherra.

Við 26. gr. Greinina skal orða svo:

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar svo fljótt sem unnt er, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og skal það þá lagt svo fljótt sem kostur er á undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Verði frumvarpið samþykkt, öðlast það gildi án staðfestingar. Ef frumvarpið fær ekki samþykki, þá telst það fallið.